

154. fundur skólanefndar Tónlistarskólans, haldinn á skrifstofu skólastjóra 28. apríl kl. 17:00

Mættir voru: Jóhanna Guðmundsdóttir, Þóra Margrét Birgisdóttir, Jósep Blöndal og Steinunn Ingibjörg Magnúsdóttir.

1. Húsnæðismál

- Jóhanna fór yfir nýjar teikningar af skólahúsnæði tónlistarskólans við Skólastíg og bað fundarmenn að hafa skoðun á þeim. Teikningin þótti almennt góð, hún sýndi fram á mikla möguleika í nýtingu húsnæðis. Farið var gagnrýnið yfir kosti hennar og galla.
- Jóhanna lagði fram ályktun kennara tónlistarskólans frá kennarafundi 23. apríl. Ályktun var lesin yfir og lýst yfir stuðningi við hana.
- Á fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir 1,5 milljón í endurbætur húsnæðis, fjárhæð sem væntanlega mun tæplega duga fyrir þeim breytingum sem fyrir liggja. Miklar umræður um næstu skref. Þó teikningar sýni fram á að hægt sé að nýta núverandi skólahúsnæði vel með endurbótum og skapa skemmtileg rými með miklum möguleikum kemur einnig upp sú hugsun að slæmt sé að skapa aftur ákveðna gjá á milli skólanna þ.e. grunnskóla og tónlistarskóla, vilji til að hafa þá á sama staðnum ef mögulegt er og því spurning hvað sé vænlegast í stöðunni. Ákveðið að láta ályktun sem áður var lýst yfir stuðningi við, tala sínun máli.

2. Skýrsla skólastjóra

- Skólahald hefur gengið vel. Þrír nemendur munu taka grunnpróf í maí, um 20 nemendur ljúka tónfræði 1. stigs, 10 nemendur tónfræði 2. stigs og 7 nemendur tónfræði 4. stigs.
- Skólaslit verða 21. maí.
- Landsmót lúðrasveita gekk vel, svo og afmælistónleikarnir. Gefið var út afmælisrit og sett upp afmælisíða www.stykkisholmur.is/ludro
- Um 50 manna hópur fór á Nótuna, þar náði lúðrasveitin einum verðlaunum.
- Margar góðar gjafir hafa borist lúðrasveitinni í tilefni afmælis hennar.
- Von er á styrkúthlutun frá menningarsjóði Vesturlands vegna afmæla lúðrasveitar og tónlistarskóla.
- Ýmis námskeið og heimsóknir fyrirhugaðar í vor og haust.
- Drög að væntanlegu skóladagatali var lagt fyrir og það samþykkt.
- Ekki reiknað með breytingum á kennarahópnum fyrir næsta skólaár.
- Opnað verður fyrir umsóknir fyrir næsta skólaár fljótlega í maí og reiknað með að hægt verði að ganga frá þeim fyrir miðjan júní.

3. Önnur mál

- Samþykkt var að hækka skólagjöld fyrir næsta vetur um 4%.
- Ekki fleira tekið fyrir.

Fundi slitið klukkan 17:55

Steinunn Ingibjörg